

Alþingi nefndasvið
Eva Margrét Ævarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27.04.2004

Tilv. 0.3

lP/gg

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýbyggingu við Landspítala - háskólasjúkrahús

Þann 30. október 2002 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til að annast skipulagningu húsnæðis fyrir Landspítala – háskólasjúkrahús á Hringbrautarsvæðinu á grundvelli nefndarálits starfsnefndar um “Framtíðarskipulag og uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss” sem skilað var til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í janúar 2002.


Nefndin skilaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skýrslu þann 27. apríl 2004, þar sem gerðar eru tillögur í fimm liðum um næstu skref í málinu. Skýrsla nefndarinnar fylgir með.

Þá er í skýrslunni, í viðauka 1 á bls. 24, samningur milli ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar um skipulag lóðar Landspítala – háskólasjúkrahúss í tengslum við ákvörðun ríkisins um framtíðaruppbyggingu spítalans og stofnana Háskóla Íslands sem tengdar eru honum á Hringbrautarsvæðinu.

Landspítala – háskólasjúkrahúsi þykir eðlilegt að framhald undirbúnings nýbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss verði í þeim farvegi sem lýst er í ofangreindu nefndaráliti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, en fagnar þeim áhuga sem málinu er sýndur.

Í skýrslu nefndar heilbrigðisráðherra eru tíundaðar mismunandi leiðir varðandi fjármögnun framkvæmda svo sem sala eigna spítalans sem losna við flutning í nýtt húsnæði á Hringbrautarsvæðinu, einkaframkvæmd eða einkafjármögnun og hugsanlega má ennfremur tengja fjármögunina við sölu annarra ríkiseigna.

Virðingarfyllt



Magnús Pétursson, forstjóri